

Dags eftirlits	25.11.2020	Ábyrgðarmaður eftirlits	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Fyrirtæki	Skeljungur	Eftirlitsmaður	Guðbjörg Stella Árnadóttir
Heimili	Borgartún 26	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	5902691749	Flokkur	Olía
Fulltrúi fyrirtækis	Steinar Guðnason	ÍSAT nr.	51.51.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	356932,537 409711,484

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram við eftirlit og engin ábending er sett fram.

UMFANG EFTIRLITS

Boðað umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Áhættumat til ákvörðunar á tíðni eftirlitsferða.
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Rekstrarhandbók
- Áætlanir og viðbrögð
- Skráning olúgeyma skv. reglugerð nr. 884/2017

Farið var yfir starfsleyfið og minnt á mælingar og skil skv. 3. kafla.

Skráningar í stöðinni eru gerðar á mánaðarblöð rekstrarhandbókar. Farið var yfir þær skráningar í eftirlitinu og engin ábending gerð þar um. Almenn viðhald er skráð sem og eftirlit og bilanir á mengunarvarnarbúnaði. Rafræn rekstrarhandbók var einnig skoðuð í eftirliti en hún er aðgengileg á sameiginlegum grunni rekstraraðila fyrir allar stöðvarnar. Áhættumat vegna tíðni eftirlits frá síðasta eftirliti var uppfært miðað við núverandi stöðu.

Fimm olúskiljur eru í frárennsli stöðvanna ásamt tveimur milliskiljum, allar endaskiljurnar eru með sjálfvirkum skynjurum í frárennsli tengdum öryggiskerfum stöðvanna. Skynjarar eru prófaðir reglulega. Þjónusta við olúskiljur er eins og mælt er fyrir um í starfsleyfi og eru þær skoðaðar, yfirfarnar og þrífarnar eftir þörfum en skilja nr.7, á Eyjagarði þarf tíðast viðhald. Allar skiljur voru síðast hreinsaðar í október sl. og sá Hreinsitækni ehf. um þá hreinsun. Rekstraraðili sér um þennan verkhluta fyrir hönd beggja rekstraraðila á svæðinu. Farið var yfir ljósmyndir frá árlegri athugun á olíu í skiljum, með Macherey Nagel olúprófi og stóðust þær prófið.

Spilliefnum sem falla til við reksturinn s.s. olúblautar tuskur, er skilað inn til Terra.

Allir geymarnir hafa verið þykktarmældir á síðustu 10 árum, fyrir utan geymi merktur 200-0005-090101. Hann stendur tómur og ekki er fyrirhugað að hann fari aftur í notkun á næstunni. Bent er á að óheimilt er að taka geyminn aftur til notkunar fyrr en búið er að þykktarmæla hann og notkun hans verið heimiluð af eftirlitsaðila. Næstu þykktarmælingar á geymum skal gera árið 2026 skv. gr. 3.2 í starfsleyfi, á alls 5 geymum. Allar lagnir utan mengunarvarnarpróar voru þrýstiprófaðar árið 2018 og eru í lagi, en rekstraraðili sinnir þeim mælingum fyrir báða rekstraraðila á svæðinu. Gera skal þrýstiprófun aftur á lögnum utan próar, eigi síðar en árið 2023.

Fyrirhugað er að gufuendurnýtingarbúnaður (VRU) stöðvarinnar verði tekinn út þann 3. desember nk. af verktakanum Luveba s.a. og verða niðurstöður þeirrar úttektar sendar eftirlitsaðila um leið og þær liggja fyrir. Skráningar sírita HC analyser voru sendar eftirlitsaðila að eftirliti loknu og ekki eru gerðar athugasemdir þar um. Mælingar á losun bensíngufa skv. kröfum í reglugerð nr. 252/1999 verða gerðar er búnaðurinn verður tekinn út.

Engin mengunaróhöpp hafa orðið í stöðinni og engar kvartanir hafa borist til rekstraraðila né eftirlitsaðila

frá síðasta eftirliti. Viðbragðsáætlun og áætlun um frágang vegna rekstrarstöðvunar, sem og verklagsreglur um löndun olíu eru í rekstrarhandbók og aðgengilegar í rafrænum gagnagrunni. Ábyrgðartrygging vegna mengunarslyss allt að 1 milljón SDR liggur fyrir en rætt var um orðalag tryggingaskírteinis sem þarf að skýra betur. Ísogsefni eru til staðar í stöðinni og aðgengilegar þeim starfsmönnum sem gætu á þurft að halda.

Gengið var um stöðina, þrær og geymar voru skoðaðir sem og staðsetning skilja, aðstaða gufuendurnýtingabúnaðar og vinnsla úrgangsolíu. Girðing er um allt svæðið og er hún heil og í lagi, hlið stóðu læst þegar að var komið. Stöðin er snyrtilega á að líta og umgengni góð.

ÁBENDINGAR

Engin ábending var sett fram í eftirlitinu.

ANNAÐ


Tilkynnt var um bilun í gufuendurnýtingabúnaði í apríl sl. en aflagjafi aðal iðntölvunnar gaf sig og einnig hitanemi í sogdælu í framhaldinu. Tilkynning um lagfæringu kom tveimur dögum síðar og hefur búnaðurinn verið í lagi síðan.

Skírteini vegna iCert vottunar ISO 9001 hefur verið endurnýjað og gildir það til janúar 2023.

Reykjavík, 16.12.2020

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.



Guðbjörg Stella Arnadóttir